

Því dæmist rétt vera:
Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 28. júlímánaðar.

Nr. 17/1902:

Réttvísinn

gegn

Sturlu Vilhjálmsyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á þetta mál í landsyfirréttnum er nauðsynlegt, að undirdómariinn prófi málið itarlegar einkum með tilliti til mannhættu þeirrar, sem stafaði af brunanum, og ber honum því svo fljótt sem frekast verða má að útvega þær skýrslur og skilríki sem nú skal greina:

1. Að prófa heimilisfólk það, sem var á Þorgrímsstöðum þegar þjófnaðurinn þar og brennan var framíð, um öll atvik að brunanum, og jafnframt að fá skýrslu hjúanna um, hvað hvert þeirra um sig misti af munum í brunanum, og hvers virði þeir voru, og hvort þau krefjist iðgjalda fyrir.
2. Að útvega greinilega skýrslu um húsaskipan á Þorgrímsstöðum, um það, hvort kviknað hafi í baðstofunni eða göngum þeim, sem kvað hafa verið milli skemmunnar, sem brann, og baðstofunnar, og á hverju logað hafi, þegar Jón bóndi lauk upp baðstofuhurðinni, sem vissi

- út að göngunum, svo og hvað muni hafa hamlað því, að eldurinn læsti sig í baðstofuna.
3. Að útvega skýrslu um, hvað verið hafi í kistu þeirri, sem ákærði stal peningunum úr, og um, hvort kistan hafi verið læst, eða hvort hún muni hafa getað verið opin sökum þess, að fót hafi orðið á milli, þegar átti að læsa henni, og hver síðast hafi gengið um kistuna, svo og hver þau ummerki hafi verið á kistuskránni, að ætla megji að kistan hafi verið opnuð með ofbeldi.
 4. Að yfirheyra ákærða enn nákvæmar um það, hvort honum hafi ekki hugkvæmst það, áður en hann framdi glæpinn, eða meðan hann var að því verki, að mannháski gæti eða hlyti að stafa af verknaði hans, svo og um það, í hverju hann hafi kveikt í kistunni — því eigi hefir hann með einni eldspýtu getað kveikt í kistunni sjálfri —. Ennfremur að spyrja hann ítarlega um, hvort hann ekki hafi haft fleiri eldspýtur en þrjár að starfi sínu, eða önnur eldfæri en eldspýtur. Ennfremur ber að ganga á hann um það, hvort hann ekki hafi opnað kistuna með ofbeldi, og ef svo er, hver verkfæri hann hafi haft til þess.
 5. Að útvega hegningarvottorð ákærða.
- Svo ber undirdómaranum og að útvega allar aðrar upplýsingar þær, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til, eins og líka að útvega skýrslur þeirra húsbænda Sturlu, sem hann hefir dvalið hjá, um hegðun hans að undanfögnu.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega hinar heimt-
uðu upplýsingar og skýrslur svo fljótt sem
verða má.

Nr. 17/1901: Beneficiarius Skútustaða Árni pró-
fastur Jónsson sem umrádamaður
kirkjujarðarinnar Vindbelgjar.
 gegna
 eigendum Geirastaða.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði af hálfu eig-
enda bændajarðarinnar Geirastaða gegn umráða-
manni kirkjujarðarinnar Vindbelgjar, prestinum til
Skútustaða, Árna prófasti Jónssyni, út af landa-
merkjaágreiningi milli jarða þessara, og var því
ráðið til lykta með landamerkjadómi Þingeyjar-
sýslu, uppkveðnum 2. júní 1900, á þá leið, að
landamerki jarðarinnar skyldu vera: »Bein stefna
úr Merkihelli í Kerlingarnesi á hæsta topp Vind-
belgjarfjalls og þaðan í Helguhól«; dagpeningar
dómsmanna, 39 kr., ásamt ferðakostnaði oddvita
merkjadómsins eftir reikningi, skyldu greiðast að
helmingi af eigendum Geirastaða og að helmingi
af opinberu fé, en í héraði hafði varnaraðili haft
beneficium processus gratuiti.

Presturinn í Skútustaðaprestakalli, Árni pró-
fastur Jónsson, hefir nú að fenginni gjafsókn og
með skipuðum málfutningsmanni skotið áminstum